



Fréttabréf

Desember 2008 - www.fia.is

Viðtakandi

Breytingar á samþykktum EFÍA:

Aldursháð kerfi samþykkt

Atkvæðagreiðslu um breytingar á samþykktum EFÍA lauk þann 8. desember og var talið þann 10. des. Atkvæði greiddu 182 af 731 á kjörskrá eða tæp 25%. Breytingar á samþykktum í aldursháð kerfi voru samþykktar með 73% greiddra atkvæða en breytingar á tryggingarákvæðum felldar með 61% greiddra atkvæða.

Samþykktirnar hafa nú verið sendar Fjármálaráðuneytinu til staðfestingar en gert er ráð fyrir að þær taki gildi um næstu áramót.

Greinilegt er að góður stuðningur var við breytingar í aldursháð kerfi og lýsir stjórnin ánægju sinni með að það aðalatriði breytinganna á samþykktunum náði fram. Jafnframt er ljóst að flugmönnum er mikið í mun að varðveita þá sérstöðu sem sjóðurinn hefur haft hvað varðar ríkuleg tryggingarákvæði í maka-, barna- og örorkulífeyri. Þeim mun því ekki verða breytt í þetta sinn. Þátttakan í kosningunum er klárlega vonbrigði. Að aðeins 25%

sjóðsfélaga sjái ástæðu til að taka þátt er umhugsunarefni fyrir okkur sem stéttarfélag.

Stjórnin hefur farið yfir athugasemdir sem bárust við útreikning á viðbótarstigum vegna breytingarinnar í

aldursháð kerfi og verður í kjölfarið öllum sjóðsfélögum sem eiga rétt á viðbót sendur endanlegur útreikningur.

Fyrir hönd stjórnar EFÍA
Örnólfur Jónsson



Rafræn kosning

Vinnu við undirbúning rafrænna kosninga er nú lokið og búið að senda út prufukosningu sem lýkur 26. desember. Sú framkvæmd er til að prufa kerfið og sannreyna að allt virki eins og ætlast er til, eru allir hvattir til að setja inn sitt atkvæði einnig til að hver og einn kynnist kerfinu.

Þann 16. desember var sendur út tölvupóstur á alla félagsmenn með upplýsingum um hvernig skuli kjósa ásamt kosningakóða sem hverjum og einum er úthlutað. Ef einhver hefur ekki fengið tölvupóst um þetta þá er viðkomandi hvattur til að hafa samband við skrifstofu FÍA til að athuga hvaða netfang er skráð á viðkomandi.

Reiknað er með að næsti aðalfundur verði eingöngu með rafrænar kosningar og mun það fara þannig fram að einhverjum dögum fyrir fundinn opnast fyrir kosn-

ingarnar og mun þeim ljúka í lok fundar og munu þá atkvæði liggja fyrir um leið.

Það kerfi sem varð fyrir valinu er breskt og not-

að víða um heim, það er algjörlega læst kerfi og mun hver og einn fá úthluta lykilorði sem mun gilda sem kjörseðill og einungis hægt að nota hvert lykilorð einu sinni. Ekki er hægt að fylgjast með kosningum einstakra manna, einungis hægt að fá niðurstöður í lok framkvæmdarinnar.

Félagsmenn verða hvattir til að mæta með fartölvurnar sínar á fundinn til að allt gangi sem hraðast fyrir sig, en einnig er reiknað með að setja upp einhverjar tölvur fyrir þá sem koma tölvulausir.



Lausnir á hávaðamálum
bls 2

Verkefni framundan
bls 3

Að missa starfið
bls 4

Móttaka neyðarsenda hættir
bls 5

Heilsuvernd
bls 6-7
bls 11

Aðalfundur og lagabreyting
bls 8-9

Lausnir á hávaðamálum um borð í Boeing 757

All nokkrir hafa haft samband við ÖFÍA varðandi hávaðamál í flugstjórnarklefa Boeing 757.

Samkvæmt mælingu var hávaði í sumum tilvikum yfir mörkum á nokkrum stigum flugs. ÖFÍA setti sig í samband við Icelandair til að fá svör við því hvað ætti að gera til að leysa þetta vandamál.

Icelandair er að undirbúa eftirfarandi lausnir;

Hljóðdeyfar í loftræstikerfi

Boeing hefur um langan tíma unnið að slíkri lausn. Ítrekaðar tafir hafa orðið á þessari lausn af hálfu Boeing en samkvæmt upplýsingum sem Icelandair hefur er stefnt að því að þessir hljóðdeyfar verði tilbúnir í lok árs 2008.

Heyrnartól

Verið er að prófa nokkrar tegundir noise-cancelling heyrnartóla. Ekki er búið að ákveða hvaða headsett verður fyrir valinu en hugmyndin er sú að þeg-



ar búið er að ákveða það muni þau smá saman koma í stað þeirra núverandi eftir því sem þau úrelast eða bila.

Viðhaldsskoðanir

Boeing hefur mælt með ákveðnum viðhaldsskoðunum tengdu þessu hávaðavandamáli og ákveðnum viðhaldsaðgerðum ef þurfa þykir á loftræstikerfum vélana. Þetta hefur verið gert í fjórðu hverri C-skoðun en nú er stefnt að því að að gera þetta í hverri C-skoðun þ.e. á 12 mánaða fresti.

Hljóðsíur

Lítilllega verið kannað en engin formleg afstaða hefur verið tekin til notkunar og flugöryggislegs gildis og kostnaðar.

Intercom

Icelandair hefur lokið við að setja intercom í fjórar flugvélar til viðbótar þeim sem höfðu slíkan búnað. Reynt verður að hraða ísetningu búnaðarins í þær vélar sem eftir eru.

Fyrir hönd ÖFÍA,
Steinþór Páll Ólafsson

Fréttabréf FÍA

Ritstjóri

Kjartan Jónsson
kjo.crew@icelandair.is

Umbrot

Kjartan Jónsson
kjartan@dot.is

Myndir

airliners.net
Baldur Sveinsson
Boeing
Pétur P. Johnson

Útgefandi

Félag Íslenskra
atvinnuflugmanna

Desember 2008

Fréttabréf FÍA er vettvangur félagsmanna og stjórnar til að miðla upplýsingum og fróðleik til flugmanna. Skoðanir einstakra greinarhöfunda endurspeglar ekki endilega opinbera afstöðu FÍA til einstakra málefna.

Öll notkun efnis úr Fréttabréfi FÍA er óheimil nema að heimilda sé getið.

Flytja vélar sínar frá Íslandi JetX farið frá KEF



Íslenska flugfélagið JetX, sem hefur hingað til sinnt flugi fyrir Heimsferðir, hefur ákveðið að flytja flugvélar sínar alfarið utan og því verða Heimsferðir að leita annað. Bæði fyrirtækin eru samt sem áður í eigu sama félags, Primera Travel Group, en það á og rekur ferðaskrifstofur víða um heim, meðal

annars á Írlandi. Ástæðan fyrir flutningi flugvéla JetX er verkefnaskortur en nóg er af verkefnum á öðrum ferðaskrifstofum félagsins. JetX mun þó sinna flugferðum fyrir Heimsferðir út október.

Úr DV

Formaður skrifar um starfsemi FÍA: Verkefnið núna og framundan

- kjarasamningar lausir innan tíðar



Jóhannes Bjarni
Guðmundsson,
formaður FÍA
skrifar

Síðustu vikur og mánuðir hafa verið erfiðir í rekstri flugfélaganna eins og flestra annarra fyrirtækja hér á landi. Stjórn og starfsfólk FÍA hefur ekki farið varhluta af þessu eins og félagsmenn vita því við höfum glímt við fjöldauppsagnir vegna samdráttar í flugi og nánast í hverri viku hafa dunið á stéttarfélaginu beiðnir um undanþágur frá ákvæðum kjarasamnings og tilslakanir ýmis konar. Við höfum gert okkar besta í að veita og meta hvert mál sem upp hefur komið, en ég efast um að FÍA hafi nokkru sinni fyrr gefið jafn margar undanþágur eins og á síðustu mánuðum. En á það ber að líta að aðstæður hafa verið mjög sérstakar. Ég fullyrði hins vegar að í öllum tilfellum hafa hagsmunir flugmanna verið hafðir að leiðarljósi og á engan hátt hafa undanþágur orðið til að verkefnum hafi fækkað eða færri flugmenn væru í vinnu.

Nú líður senn að endurgerð kjarasamninga í upphafi nýs árs og nú þegar hefur stjórn FÍA lýst sig reidubúna til að hefja þá vinnu við stærsta viðsemjanda okkar Icelandair Group/Icelandair. Það á að vera meginmarkmið okkar að gera kjarasamning okkar þannig úr garði að hann taki mið af umhverfi okkar á hverjum tíma og geri fyrirtækjunum kleift að sækja fram. Þótt illa ári núna, er það mín skoðun að við eigum að ganga óhræddir í að laga kjarasamninga í takt við breytta tíma.

Lagabreytingar:

Á síðasta aðalfundi FÍA varð töluverð umræða um hvernig staðið er að kjöri í trúnaðarráð og stjórn félagsins. Á fundinum var samþykkt ályktun í þá veru að stjórn skyldi skoða mögulegar breytingar á lögum til að gera þetta skilvirkara. Það eru vitanlega margar leiðir færar í þessu efni og verður verkefni næsta aðalfundar að skera úr um hvaða breytingar verða að veruleika. Stjórn FÍA hefur fjallað um mögulegar breytingar nokkrum sinnum á fundum sínum í haust og voru tillögurnar m.a. kynntar á félagsfundum í FÍA 2. desember s.l. (Breytingatillögurnar eru kynntar hér í blaðinu á bls. 8) Meginbreytingin í þessum tillögum er sú að hætt verði að kjósa í Trúnaðarráð á aðalfundi félags-

ins. Þess í stað muni samstarfsnefndir tilnefna einn fulltrúa fyrir tiltekinn fjölda félagsmanna á viðkomandi kjarasamningi. Þar sem engin samstarfsnefnd væri virk, hefði stjórn FÍA samráð við trúnaðarmann um tilnefninguna. Þannig ætti að vera tryggt að allir hefðu sinn fulltrúa í ráðinu. Trúnaðarráð á að vera þverskurður FÍA og bakland stjórnar og samstarfsnefnda í öllum stærri málum. Hlutverk Trúnaðarráðs hefur breyst því nú hefur vald samninganefnda aukist með lögum, t.d. hvað varðar verkfallsboðun og fleira. Það er von mín að aðalfundur samþykki þessar breytingar sem ég held að verði mjög til bóta. Með þessari breytingu verður tryggt að allir hópar FÍA eigi sinn fulltrúa í Trúnaðarráði, þótt hætt verði að kjósa í ráðið á aðalfundi. Eins og heimild er til lögum FÍA þá er stjórnin að vinna í að setja reglur um rafræna kosningu. Þær ættu að vera tilbúnar á allra næstu vikum og þá verður með mun einfaldari hætti hægt að kjósa um mikilsverð mál – og það sem mest er um vert að félagsmenn FÍA geta þá kosið án þess að mæta á kjörstað.

Undanþágurnar og Travel Service:

Eins og áður sagði hefur FÍA veitt fjölmargar undanþágur varðandi kjarasamning okkar við Icelandair á síðustu mánuðum til að efla verkefnastöðu félagsins. Í flestum tilvikum hefur verið veitt undanþága frá ákvæði kjarasamnings um hámarksflugtíma til að geta flogið á fjarlægari staði með sömu flugmannsáhöfn fram og til baka frá KEF. Þetta kom aðallega til vegna verkefna sem félaginu áskotnaðist eftir að Futura fór í þrot. Auðvitað vonaðist ég og fleiri til að þetta gæti orðið til þess að við næðum til okkar framtíðarverkefnum, sem áður höfðu verið á hendi erlendra félaga. Það varð því miður ekki, hverju sem um er að kenna. Stjórn FÍA hefur gagnrýnt harðlega að dótturfyrirtæki grúppunnar skuli komið inn á okkar heimamarkað á sama tíma og Icelandair sárvantar verkefni. Við höfum beint því til forsvarsmanna Icelandair Group að þessu verði breytt og við bindum vonir við það, enda hlýtur það að vera hagkvæmari kostur eins og staðan er í dag.

Til upplýsinga langar mig að nefna hér þær undanþágur sem stjórn FÍA hefur veitt uppá síðkastið og í gildi eru:

Icelandair:

- Undanþága fyrir flug á Kanarí og Tenerife (yfir 9 klst) til að fara fram og til baka.
- Undanþága fyrir 5 ferðum milli KEF og Moskvu (yfir 9 klst flugtími).
- Samkomulag um verkefni fyrir Travel Service á B767 (gildir til 1. maí 2009).
- Samkomulag um aðsetursskipti í POM (gildir til áramóta), MAD (gildir til 1. maí 2009), LGG (ótíma-sett).

Flugfélagið Atlanta:

- Undanþága vegna forgangs til eftirlits- og þjálfunarstarfa.
- Sérstakt samkomulag um undanþágur í 10 liðum.

Þess ber líka að geta að fjölmörgum undanþágum hefur verið hafnað bæði hjá þessum og öðrum flugrekendum.

Vefur FÍA:



Vefur FÍA er í stöðugri þróun og er greinilegt að mikill fjöldi skoðar þær upplýsingar sem þar er að finna. Læstur umræðuvefur nýtur nokkurra vinsælda, enda ágætis vettvangur til skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar okkar á milli. Ég vil samt ítreka að allir þeir sem tjá sig á inni á þessu svæði eiga að gera það málefnalega og alls ekki að skrifa neitt það sem ekki þolir dagsins ljós. Menn eiga að hafa í heiðri mannorð annarra og eigin æru. Ég hef nokkrum sinnum orðið var við umræðu um að FÍA bæri að loka þessu svæði og stundum hef ég sjálfur verið fylgjandi því, þegar mér hefur blöskrað einstaka orðræða. Ég tel hins vegar að þessi vefur hafi fleiri kosti en galla og það er okkar sem þarna skrifum að gera það almennilega - ella er betra að loka þessu.

-Jóhannes Bjarni Guðmundsson
Formaður FÍA

Að missa starfið

Við skilgreinum okkur oft í ljósi þess starfs sem við stundum og starfið er stór hluti af sjálfsmynd okkar. Við uppsögn bíður tilfinning okkar fyrir eigið vægi ákveðið skipbrot og þess vegna kallar þessi átakanlegi atburður yfirleitt fram sterkar tilfinningar. Hún raskar þeirri mynd sem við höfum af veruleikanum og henni fylgir oft höfnunartilfinning. Uppsagnarviðtal má sjá sem flóðbylgju af upplýsingum sem kemur heimsmynd okkar úr jafnvægi; okkur finnst sem framtíðarvæntingar okkar verði að engu. Þessar væntingar varða ekki aðeins starfið sjálft heldur einnig þá mynd sem við höfum af sjálfum okkur í öðrum hlutverkum, t.d. sem foreldrum og fyrirvinnu.

Uppsögn er reiðarslag

Bandarísku sálfræðingarnir Cochrane og Robertson settu saman lista yfir atburði í lífi einstaklinga og þeirri sálfræðilegu streitu sem þeim fylgir. Stigafjöldinn hundrað á listanum stendur fyrir algjört andlegt niðurbrot á meðan núll þýðir að atburðurinn hefur engin áhrif. Listinn sýnir að uppsögn er atburður sem veldur mikilli sálfræðilegri streitu (sjá töflu 1).

Fjölmargar tilfinningar láta á sér kræla eftir uppsagnartíðindi s.s. afneitun, reiði, sorg, biturð, örvænting, dóði, sjálfsvorkunn, þunglyndi og skömm. Sumum kemur uppsögnin á óvart; aðrir hafa grun um hvað sé í vændum. Sumir kenna sjálfum sér um og leggjast í niðurrífandi sjálfsgagnrýni; aðrir finna sökudólg til að kenna um ástandið. Sumir eru mjög viðkvæmir fyrir breytingum en aðrir láta sér fátt um finnast.

Tilfinningamynstur

Sárar tilfinningar og sorg eru eðlilegar tilfinningar við starfsmissi. Hægt er að sjá ákveðið tilfinningamynstur í því hvernig fólk bregst við slíkum atburði. Geðlæknirinn Kubler-Ross rannsakaði um árabíl reynslu og tilfinningar fólks sem greindist með ólæknandi sjúkdóm. Hún greindi mismunandi stig í sorgarferlinu sem einnig má sjá í öðrum aðstæðum þar sem fólk fær slæm tíðindi. Stigin sem Kubler-Ross greindi



Ingrid Kuhlman,
framkvæmdastjóri
Þekkingarmiðlunar
skrifar

í rannsóknnum sínum voru: afneitun, reiði, sorg og samþykki.

Fyrsta stigið: Afneitun

Fyrstu viðbrögð þess er fær uppsagnartíðindi eru oft að horfast ekki í augu við staðreyndirnar og afneita þeim. Þetta eru varnarviðbrögð sem hjálpa okkur að draga úr þeim sársauka sem skilaboðunum fylgir. Oft er um að ræða ómeðvitund viðbrögð og afneitunin kemur fram í athugasemdum eins og „Nei, þetta getur ekki verið satt“, „Þetta hlýtur að vera misskilningur.“ Við trúum einfaldlega ekki að við skulum lenda í þessu.

**Eðlilegt er að
velta fyrir sér ástandi
flugáhafnar sem er að hluta
eða öll í uppsögn**

Annað stigið: Reiði

Þegar við áttum okkur á staðreyndunum koma oft aðrar tilfinningar, eins og gremja og reiði, sem getur beinst að yfirmanninum, fyrirtækinu eða hinu ytra umhverfi. Við finnum m.ö.o. blóraböggul sem hlýtur að eiga sök á

Tafla 1. Lífsatburðir og sálfræðileg streita

Andlát maka	86
Skilnaður	75
Fangelsisdómur	75
Andlát fjölskyldumeðlims	69
Uppsögn	68
Framhjáald maka	68
Launalækkun (25%)	62
Eigið framhjáald	61
Eftirlaun	54
Brúðkaup	50
Valin meðganga	49
Nýtt starf	46
Launahækkun (25%)	35
Breyting á vinnutímum eða vinnuaðstæðum	31
Jólin	12

100 = algjört andlegt niðurbrot

uppsögninni. Reiðin getur tekið á sig ýmsar myndir eins og beinskeyttar athugasemdir, við brýnum raustina, öskrum, hótum, blótum og tjáum okkur með áleitnum handahreyfingum.

Þriðja stigið: Sorg

Eftir að okkur hefur runnið reiðin beinast tilfinningarnar yfirleitt inn á við og við verðum þögul, viðkvæm, döpur og niðurdregin. Sorg kemur fram í setningum eins og: „Ég er alltaf svona óheppin(n)!“ eða „Það er örugglega af því að ég er til einskis nýt(ur)!“ Við getum fundið til sjálfsvorkunnar og verið viðkvæm. Þessi sorg er tilfinningalegs eðlis, líkt og í stiginu hér á undan. Munurinn er hins vegar sá að við reiði beinast tilfinningar gegn umhverfinu en í sorgarfasanum beinast tilfinningar inn á við. Sorgin sést því ekki eins augljóslega.

Fjórdi stigið: Samþykki

Síðasta stig er við höfum meðtekið skilaboðin og á vissan hátt sett okkur við þau. Þetta skref í sorgarferlinu einkennist oft af spurningum sem varða framtíðina, eins og t.d.: „Hvað er hægt að gera í minni stöðu?“ eða „Á ég þá að fara núna?“ Fyrst á þessum tímapikti erum við tilbúin til að leita lausna og ræða framtíðina.


Ólík birtingarform

Starfsmissir er áfall sem við erum mislengi að jafna okkur á og sorgarferlið er langt frá því að vera það sama hjá öllum. Hin ólíku stig, afneitun, reiði, sorg og samþykki birtast á afar mismunandi hátt hjá fólki. Viðbrögðin eru mismunandi eftir persónuleika og einnig eftir því hversu alvarleg tíðindin eru í augum viðtakandans. Mikilvægt er að átta sig á því að þetta eru eðlileg viðbrögð við þeirri erfiðu reynslu sem starfsmissir er. Við þurfum að vinna okkur í gegnum þessar óþægilegu tilfinningar þar sem þær eru mikilvægt skref í að öðlast styrk á nýjan leik.

Ekki er gott að einangra sig eða byrgja tilfinningar sínar inni, frekar að segja fólki sem maður treystir frá þeim eða skrifa niður hvernig manni líður. Einnig getur verið hjálplegt að ræða við einhvern sem hefur lent í svipaðri reynslu. Eftir starfsmissi er líka mikilvægt að huga að heilsunni og viðhalda daglegri rútínu. Leggja áherslu á að hvílast vel, borða hollan mat og stunda reglulega hreyfingu. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að öll él birtir upp um síðir.

Cospas-Sarsat gervihnattakerfið hættir þann 1. febrúar að vinna úr merkjum neyðarsenda á 121,5 og 243 MHz

Neyðarsendar með GPS bestir



1. Neyðarsendir fer í gang (skip, flugvel, ferðamaður)
2. Boð berast um gervihnött...
3. ...til gervihnattamottökustöðvar í Tromsø Noregi
- 4a ..i gegn um MCC björg.miðstöð í Bodö, Noregi
- 4b ...boðin berast Stjornstöð Landhelgisgæslunnar, Skogarhlid
5. ...Stjornstöð LHG kallar ut þyrlu og björgunarlið

60m (radius)	406 MHz GPS near instant alert Identification with GPS position
2000m	406 MHz frequency Identification + global coverage
1260km ²	121.5 MHz frequency no identification, local mode coverage only

Sá þáttur sem vegur einna þyngst, þegar kemur að öryggi íslenskra flugmanna, sjófarenda og ferðamanna, er að um borð í flugförum, bátum þeirra og skipum séu neyðarsendar sem bera boð tafarlaust til Stjornstöðvar Landhelgisgæslunnar og sýna þá helst GPS staðsetningu þeirra sem lenda í neyð eða vanda. Einnig er mikilvægt fyrir ferðafólk, svo sem veiðimenn sem eru oft á tíðum á svæðum sem eru utan alfaraleiða, að hafa GPS tæki í fórum sínum, eins konar neyðarhnapp sem virkar hvar sem er í heiminum.

Því vill Landhelgisgæslan vekja athygli á því að þann 1. febrúar 2009 mun alþjóðlega Cospas-Sarsat gervihnattakerfið hætta að vinna úr merkjum neyðarsenda á 121,5 og 243 MHz og mun eftir þann tíma einungis vinna úr merkjum neyðarsenda sem eru á tíðninni 406 MHz.

Af þessum sökum er mjög mikilvægt fyrir sjófarendur og flugrekendur að yfirfara - og ef þörf er á, skipta út neyðarsendum, sérstaklega í öllum gúmbjörgunarbátum íslenskra skipa. Landhelgisgæslan mælir með að nýir neyðarsendar á 406 MHz séu búnir GPS staðsetningarbúnaði. Staðsetningar með GPS eru eins og flestir vita mjög nákvæmar eða 60-100 metrar í radius, sem styttr leitartíma



hvort sem er á sjó eða á landi. Biðtími er innan sex mínútna frá ræsingunýju sendanna þar til Stjornstöð LHG fær

upplýsingar og getur brugðist við þeim. Áriðandi er að sendarnir verði settir sem allra fyrst í alla báta, ekki síst björgunarbáta.

Cospas-Sarsat ákvað að hætta úrvinnslu merkja frá neyðarsendum á 121,5/243 MHz í samráði við Alþjóða flugmálastofnunina (ICAO) og Alþjóða siglingamálastofnunina (IMO) þar sem sárafáar sendingar á þessari tíðni hafa reynst vera raunveruleg neyðartilvik, auk þess er ónákvæmni staðsetninga veruleg.

Þessi breyting hefur að mati LHG afar jákvæð áhrif vegna fólks í neyð, en ekki síður vegna leitar- og björgunaradagerða (SAR).

Nánar hér; <http://www.lhg.is/starfsemi/stjornsyslusvid/frettir/nr/1185>

Á eftirfarandi slóð er skýringamynd, með útskýringum um virkni á okkar svæði en grunnur er fenginn úr kynningarefni f. neyðarsenda

<http://www.kannad.com/upload/contenu/fichier/fichier/90fichier1.pdf>

Ef óskað er nánari upplýsinga vinsamlegast hafið samband við undirritaða:

Hrafnhildur Brynja Stefánsdóttir
Upplýsingafulltrúi
Landhelgisgæsla Íslands

fjölómettuðum. Steikarmatur er ekki heilsusamlegur. Grillaður matur veldur sameindabreytingum og þegar hans er neytt, telst hann vera krabbameinsvaldandi. Borðið meira af kolvetnariikum mat, sérstaklega mat sem er trefjaríkur. Borðið reglulega. Fordið að vera yfir kjörþyngd. Notið áfengi í hófi.

Líkamsþjálfun: Regluleg þjálfun getur aukið magn HDLC (Góða kólesterólíð) auk þess að hjálpa til við að halda þyngd okkar innan eðlilegra marka, minnka blóðþrýsting og streitu.

Reykingar: HÆTTU AÐ REYKJA!

Taugakerfi

Reyndu að forðast höfuðáverka.

Augu

Fjárfestu í góðum sólgleraugum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Gæði linsunnar skipta sérstaklega miklu máli. Linsan á að vera búin til úr efni sem er laust við bjögun, ekki of skyggt og það þarf að vera vel þússað. Öll sólgleraugu draga úr magni ljóss og valda því að sjáldrin víkka út og hleypa þannig inn meira magni af hættulegum útfjólubláum geislum. Þess vegna er sérstaklega mikilvægt að gleraugun veiti 100% vörn gegn UVB geislum og a.m.k. 99.5% vörn gegn UVA geislum. Þar sem UVB geislar valda sólbruna, blöðrum og hugsanlega húðkrabbameini, þá er þetta sérstaklega mikilvægt. Hornhimna augans og augasteinninn draga í sig UVB geisla. UVA geislarnir hafa aðallega áhrif á augasteininn sjálfan. Það að fjarlægja útfjólubláa geisla hefur engin áhrif á þá mynd sem við sjáum og skynjum með augunum.

Ekki er hægt að stilla fókus augnanna gagnvart hinum bláu stuttu ljósbylgjum. Stundum er brennivídd (focus) þeirra framan við hornhímnuna, sem veldur „blámóðu“. Þessi blámóða veldur álagi á augun og þau þreytast fljótt. Rétt linsa gæti síað a.m.k. 95% af þessari orkuríku geislun. Þetta þýðir í raun minni spegiláhrif, meiri skerpu og skýrari sýn.

Krabbamein

Húðkrabbamein:

Forðastu hættulega útfjólubláa geislun (sölböð, sólbaðsstofur)

Ristilkrabbamein:

Hafðu auga með breytingum á hægða-

mynstri, t.d. niðurgangur og hægðatregða á víxl, blóð í hægðum og gyllinæð.

Lungna- og þvagblöðrukrabbamein: EKKI REYKJA!

Sálræn

Streita: Streita er skilgreind sem spenna sem er bæði tilfinningaleg og líkamleg. Merki um að þú sért haldinn óheilnæmri streitu eru:

1. Líkamsbreytingar
 - hár blóðþrýstingur
 - vöðvabólga
 - óreglulegur svefn
 - hnútur í maganum eða ógleði
 - höfuðverkir
2. Viðhorfsbreytingar
 - einblínt á vandamálin
 - minnkað sjálfstraust
 - minnisleysi
 - skert dómgreind
 - finnst þú vera undir stöðugum þrýstingi
3. Tilfinningabreytingar
 - biturleiki og kaldhæðni
 - reiði og pirringur
 - finnst þú vera á skapmikill og upptjunaður
 - finnst þú vera niðurdreginn og vonlítill
 - finnur fyrir skapsveiflum.
4. Hegðunarbreytingar
 - Auknar reykingar
 - misnotkun áfengis
 - dregur þig í hlé frá öðrum
 - talar láttlaust
 - fikt og kækir
 - þú virkar fjarlægur.

Þetta eru nokkrar af algengum viðbrögðum við óheilnæmri streitu. Það er nauðsynlegt að bregðast við hvaða merkjum sem er, sem benda til of mikillar streitu.

Hvernig má stjórna streitu?

Hlæja meira – Hlátur er ein besta leiðin til að losa um streitu. Það er einnig talið að hlátur styrki ónæmiskerfi okkar.

Vertu sveigjanlegur – með því að vera sveigjanlegri persónuleiki geturðu stjórnað streituáhrifum með því að reyna nýjar leiðir í samskiptum við fólk og við lausn á vandamálum í stað þess að falla alltaf í sama farið og gera það sem þér finnst öruggt.

Andaðu – þegar maður verður stressaður, þá krefst líkaminn aukins súrefnis. Þar af leiðandi fer maður að

anda hraðar og hjartslátturinn eykst. Öndunin verður líka grynri sem veldur ónægum og óheilbrigðum loftskiptum súrefnis og úrgangslofttegunda. Á þennan hátt veldur slæm öndun kvíða og þreytu sem gerir okkur erfiðara að kljást við streituvaldana sjálfa. Fylgstu vel með öndun þinni, dragðu andan með því að þenja út kviðarholið á meðan þú telur upp að 4; haltu í þér andanum í stutta stund og andaðu frá þér á meðan þú telur upp að fjórum.

Lærðu að segja nei – Minnkadu þær kröfur sem settar eru á þig. Gerðu það sem nauðsynlegt er fyrir þig, fjölskyldu þína, starsferil þinn og sambönd. Allt annað sem þú gerir er í raun bónus og ætti eingöngu að vera gert ef þú hefur tíma og orku.

Settu þér skynsöm markmið – settu þér skynsamleg markmið og reyndu ávallt þitt besta. Lærðu af mistökum þínum í stað þess að refsa þér fyrir þau. Slakaðu aðeins á gagnvart sjálfum þér! Ekki lenda í fullkomnunarárættu.

Vertu virkur – regluleg þjálfun er heilnæm og skilvirk leið til að ná tökum á streitu. Fyrir utan það að auka líkamlega vellíðan þína, þá hefur hún jákvæð áhrif á skap þitt og ónæmiskerfi líkamans.

Mestur árangur af þjálfun fæst þegar hjartsláttartíðni er á milli 50-75% af hámarksgildi sínu. Hámarkshjartsláttartíðni fyrir karlmenn er 220 slög/mín mínus aldur þeirra og fyrir konur 200 slög/mín mínus aldur þeirra. Þessi árangur næst ef þegar þessum hjartslætti er haldið samtals í 30 mínútur á dag, þrjá til fjóra daga í viku.

Borðaðu rétt – þú skalt tryggja að þú nærir líkama þinn með þeim næringarefnum sem hann þarf til að berjast við streitu og takmarkaðu neyslu á mat sem eykur streitu. Þetta þýðir í raun að borða mismunandi ávexti og grænmeti, kornmeti, mjólkurvörur og eitthvert kjöt ef þú kýst það.

Talaðu við aðra – gerðu þér far um að hafa félagsleg samskipti við fólk.

Minnskaðu neyslu á koffeini – Koffein (kaffi, te, kóladrýkkir, súkkulaði) er örvandi efni sem veldur streitu í líkamanum.

Heimild: Þýðing á IFALPA Medical Briefing Leaflet 09MEDBL04 útgáfa í ágúst 2008.

http://www.ifalpa.org/BILLS/09-MEDBL04_Health_Preservation.pdf

Kópavogi desember 2008

Tillögur um breytingar á lögum FÍA

Meginbreytingar eru eftirfarandi:

Kosningu í trúnaðarráð á aðalfundi verði hætt – samstarfsnefndir velja.

Nafni ÖFÍA breytt

Starfsemi EFÍA fari samkvæmt samþykktum sjóðsins á hverjum tíma og skipunartímabil stjórnar EFÍA verði “að lágmarki” eitt ár.

Stjórn FÍA getur ákveðið allsherjaratkvæðagreiðslu, án trúnaðarráðs.

Lagfærðar innsláttarvillur og stílfært.

Tillaga 1. Núverandi grein:

16. grein

Stjórn félagsins skipa sjö aðalmenn og tveir til vara, kosnir á aðalfundi samkvæmt 28. grein. Hlutverkaskipan skal vera þannig: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur.

Breytingartillaga:

16. grein

Stjórn félagsins skipa sjö aðalmenn og tveir til vara, kosnir á aðalfundi samkvæmt 28. grein. Hlutverkaskipan skal vera þannig: Formaður, varaformaður, meðstjórnendur og varamenn. Stjórnin velur sér gjaldkera og ritara.

Tillaga 2. Núverandi grein (A-hluti):

22.grein

A. Í trúnaðarráði eigi sæti 23 fulltrúar:

1. Stjórn félagsins(7 fulltrúar) og skulu varamenn stjórnar fara með atkvæði stjórnarmanna í forföllum þeirra.
2. Sextán fulltrúar og fjórir til vara, kosnir á aðalfundi skv. 28. gr. og skulu varamenn trúnaðarráðs fara með atkvæði aðalmanna í forföllum þeirra.

Formaður FÍA skal vera formaður trúnaðarráðs og ritari félagsins ritari þess.

Heimilt er trúnaðarráðsmanni sem ekki getur setið fund, að fela öðrum trúnaðarráðsmanni að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið stílað á nafn.

Breytingartillaga: (A-hluti eingöngu. Ath að aðrir hlutar greinarinnar, B,C,D,og E liðir standa óbreyttir.)

22.grein

A. Trúnaðarráð skal skipað eftirtöldum:

1. Stjórn félagsins(7 fulltrúar) og skulu varamenn

stjórnar fara með atkvæði stjórnarmanna í forföllum þeirra.

2. Einum fulltrúa fyrir hverja 30 eða færri félagsmenn á hverjum kjarasamningi FÍA. Samstarfsnefndir velja hver sinn fulltrúa í ráðið fyrir 15.mars ár hvert. Þar sem samstarfsnefndir eru ekki starfandi skal stjórn FÍA hafa samráð við trúnaðarmann viðkomandi hóps um valið.

Formaður FÍA skal vera formaður trúnaðarráðs og ritari félagsins ritari þess.

Heimilt er trúnaðarráðsmanni sem ekki getur setið fund, að fela öðrum trúnaðarráðsmanni að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið stílað á nafn.

Tillaga 3. Núverandi grein:

23. grein

Fastanefndir, aðrar nefndir og fulltrúar FÍA.

A: Eftirtaldar fastanefndir skulu starfa á vegum FÍA.
Öryggis- og vinnuverndarnefnd
Samstarfsnefndir
Samninganefndir
Siðanefnd

Fastanefndir skulu skipaðar af stjórn í samráði við trúnaðarráð.

Fastanefndir skulu standa skil á störfum sínum til stjórnar FÍA og halda fundargerðir.

Öryggis- og vinnuverndarnefnd og samstarfsnefndir skipa fulltrúa í sínar undirnefndir, ef þörf er á.

Breytingartillaga:

23. grein

Fastanefndir, aðrar nefndir og fulltrúar FÍA.

A: Eftirtaldar fastanefndir skulu starfa á vegum FÍA.
Öryggisnefnd
Samstarfsnefndir
Samninganefndir
Siðanefnd

Fastanefndir skulu skipaðar af stjórn FÍA.

Fastanefndir skulu standa skil á störfum sínum til stjórnar FÍA og halda fundargerðir.

Öryggisnefnd og samstarfsnefndir skipa fulltrúa í sínar undirnefndir, ef þörf er á.

Tillaga 4. Núverandi grein:

28. grein
Fulltrúar í stjórn og trúnaðarráð skulu kosnir á aðalfundi og skal kosning fara fram á eftirfarandi hátt:

1. Kosinn formaður.
2. Kosinn varaformaður.
3. Kosnir fimm meðstjórnendur.
4. Kosnir tveir varamenn stjórnar (1. og 2. varamaður).
5. Kosnir sextán fulltrúar í trúnaðarráð.
6. Kosnir fjórir varamenn trúnaðarráðs (1., 2., 3. og 4. varamaður).

Við tilnefningu í trúnaðarráð skal ávallt leitast við að það sé sem næst því að vera þverskurður félagsins.

Breytingartillaga:

28. grein
Fulltrúar í stjórn skulu kosnir á aðalfundi og skal kosning fara fram á eftirfarandi hátt:

1. Kosinn formaður.
2. Kosinn varaformaður.
3. Kosnir fimm meðstjórnendur.
4. Kosnir tveir varamenn stjórnar (1. og 2. varamaður).

Tillaga 5. Núverandi grein:

33. grein
Skriflega allsherjaratkvæðagreiðsla skal viðhafa ef:
1. Stjórn og trúnaðarráð telja það nauðsynlegt.
2. Lögmætur félagsfundur samþykkir það.
Kjörfundur vegna allsherjaratkvæðagreiðslu skal standa minnst í sjö sólarhringa. Allsherjaratkvæðagreiðsla má einnig vera rafræn. Stjórn félagsins skal setja reglur það um.

Breytingartillaga:

33. grein
Skriflega allsherjaratkvæðagreiðsla skal viðhafa ef:
1. Stjórn og/eða trúnaðarráð telja það nauðsynlegt.
2. Lögmætur félagsfundur samþykkir það.
Kjörfundur vegna allsherjaratkvæðagreiðslu skal standa minnst í sjö sólarhringa. Allsherjaratkvæðagreiðsla má einnig vera rafræn. Stjórn félagsins skal setja reglur þar um.

Tillaga 6. Núverandi grein:

24. grein
Um eftirlaunasjóð FÍA.

A: Um hlutverk sjóðsins, sjóðfélaga, stjórn, aðalfundi og önnur atriði fer samkvæmt samþykktum hans á hverjum tíma, nú samþykktum dags. 1. nóvember 2000.

B: Stjórn FÍA skipar þrjá aðalmenn og þrjá varamenn þeirra í stjórn Eftirlaunasjóðsins. Skipunartímabil fulltrúa FÍA í sjóðstjórn er að jafnaði eitt ár, og miðast það við ársfund EFÍA.

Breytingartillaga:

24. grein
Um eftirlaunasjóð FÍA.

A: Um hlutverk sjóðsins, sjóðfélaga, stjórn, aðalfundi og önnur atriði fer samkvæmt samþykktum hans á hverjum tíma.

B: Stjórn FÍA skipar þrjá aðalmenn og þrjá varamenn þeirra í stjórn Eftirlaunasjóðsins. Skipunartímabil fulltrúa FÍA í sjóðstjórn er að lágmarki eitt ár, og miðast það við ársfund EFÍA.

- f.h. stjórnar FÍA
Jóhannes Bjarni Guðmundsson

Til upplýsinga fylgir hér ákvæði um lagabreytingar úr gildandi lögum FÍA:

7. KAFLI: LAGABREYTINGAR:

37. grein
Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi FÍA. enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði.
Til þess að breytingin nái fram að ganga verður hún að vera samþykkt með 2/3 hluta atkvæða á lögmætum aðalfundi.
Lagabreytingar samþykktar á aðalfundi, öðlast þegar gildi nema annað sé tekið fram.

Aðalfundur FÍA 2009

Verður haldinn 12. febrúar 2009 á Grand Hótel.

Dagskráin inniheldur venjuleg aðalfundarstörf

og minnt er á að framboðsfrestur
rennur út 14 dögum fyrir aðalfundinn.

Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.

Aðalfundur Evrópska flugmannasambandsins ECA



Þorsteinn
Kristmannsson,
formaður
Alþjóðanefndar FÍA
skrifar

Aðalfundur Evrópska flugmannasambandsins ECA (European Cockpit Association) var haldinn í Brussel dagana 25. og 26. nóvember s.l. Fundinn sátu fyrir hönd FÍA ásamt undirrituðum þeir Jóhannes Bjarni Guðmundsson, formaður FÍA og Kjartan Norðdahl, framkvæmdastjóri FÍA.

Strax við komuna höfðu fulltrúar mikinn áhuga á kreppunni á Íslandi en við höfðum með okkur ljósrít af grein eftir hagfræðing sem stiklaði á stóru ásamt kynningu sem framkvæmdastjóri FÍA hafði ritað til nánari útskýringa. Þessar upplýsingar vöktu athygli en annars voru félagar okkar í Evrópu vel upplýstir um ástandið.

Aðalfundurinn var að venju yfirgripsmikill og málefni flugmanna álfunnar rædd vítt og breitt. Að loknum formsatriðum var gengið til kosninga um fulla aðild Bosníu Hersegóvínu og Svartfjallalands (Montenegro) að samtökunum og voru þessi lönd boðin velkomin með rússneskri kosningu. Þar með voru stéttarfélag evrópskra flugmanna orðin 36 innan ECA og félagar 38.188.

Flug- og vaktímareglurnar voru næstar á dagskrá og var það álit sérfræðinga ECA að í heildina hafi hinar opnu reglur Q-kaflans, sem er nýja flug- og vaktímareglugerðin, ekki nema að takmörkuðu leyti komið niður á flugöryggi. Nokkur umræða skapaðist varðandi regluverk og hvort kæmi sér betur að hafa reglur opnar, þar sem aðildarþjóðir Evrópubandalagsins og Evrópska efnahagssvæðissins gætu fínþússað reglugerðirnar með eigin hugmyndum eða alveg fastsettar svo ekki yrði við þeim hróflað eftir setningu þeirra. Þetta kann að vera álitamál en þegar á heildina er lítið og miðað er við hið margslungna stjórnarfar álfunnar, s.b.r. Ísland, þá er affarasælast að reglugerðir séu fullmótadur við setningu þeirra. Þar ber að líta



á lobbíisma, klikuskap og síðast en ekki síst samkeppnissjónarmiðin. Einnig kom fram að ekki er líklegt að evrópskir flugmenn sjái EASA (European Aviation Safety Agency) reglugerðina um flug- og vaktíma fyrr en 2012. AEA (Association of European Airlines) hefur gagnrýnt EASA vegna upplýsingaöflunar á vísindalegum rannsóknum á þreytu flugmanna við gerð Q-kaflans. Gagnrýnin hefur beinst að því að EASA hafi fengið Mobebus Aviation til rannsóknarinnar en Moebus fékk síðan undirverktaka til rannsóknarinnar sem nefnist ECASS. ECA hafði einnig fengið ECASS til rannsókna og álitgerðar fyrir sig. AEA treystir greinilega ekki ECASS sem samtökin telja á mála hjá ECA. Verktakar

og undirverktakar eiga eins og kunnugt er ekki alltaf við. Fram kom að ECA hefði m.a. því hlutverki að gegna að hafa áhrif á slíka verk- og undirverktöku til að koma í veg fyrir of mikla fjarlægð frá upphafinu. Hver sem niðurstaðan verður með EASA-reglugerðina þá er það víst að hún verður með fókusi á þreytu flugmanna.

Fulltrúi Ítala lýsti skelfilegu ástandi hjá flugmönnum Alitalia en félagið er í söluferli. Flugmenn félagsins hafa þurft að þola afskipti lögreglumanna við undirbúning flugs, flugstjórar hafa verið settir af fyrir að sinna skyldu sinni og neitað að fara af stað vegna bilana og unnið er staðfastlega í að eyðileggja samningsrétt flugmanna og annara

starfsmanna Alitalia. Hin landlæga spilling og mútubægni veldur því að aðal leikendur í sölufurðinu eru stjórnmalamenn en ekki hæfir stjórnendur flugfélaga. Ítalska flugmálastjórnin þegir þunnu hljóði.

Formaður ECA benti á að evrópskir stjórnmalamenn væru afar uppteknir af umhverfismálum en hefðu engan áhuga á öryggismálum og vinnuvernd. Umhverfisvernd fer vel í evrópska kjósendur en fara mætti einhvern milliveg. Hann taldi ekki tímabært að skattleggja flugiðnaðinn í þessum efnunum. Gárungarnir eru farnir að kalla EASA "Environmental Agency." Hagræði og skipulag í flugumferðarstjórnun í lofti sem láði er kannski góður byrjunarreitir.

Að venju var farið yfir IFALPA

Annex 19 og enn er braut 25 á Keflavíkurlugvelli þar á blaði. Annex 19 fjallar um hnökra og ágalla í flugöryggismálum í heiminum. Á hverjum vetri þurfa flugmenn að snúa frá Keflavíkurlugvelli á varavöll vegna hliðarvinds og háku þegar hæglega hefði verið hægt að lenda á braut 25 sem stendur þar sem ný en stjórnvöld kjósa að horfa á með blinda auganu og opna hana ekki þrátt fyrir ítrekaðan málflutning í þá átt, s.b.r. ræða samgönguráðherra á 60 ára afmælishátíð FÍA. Það er mikið öryggisatriði að braut 25 verði opnuð og þá verður einnig komið í veg fyrir óþægindi farþega og óþarfa kostnað flugfélaga. Þá verður ánægjulegt þegar kemur að í Íslandi í umræðu um Annex 19 að segja: "No comment."

Nýlokið var 40 manna námskeiði IFALPA í samningatækni í Amsterdam en FÍA studdi einn nemanda frá Litháen og FPA finnska flugmannafélagið studdi annan. Það var okkar vigt á vogarskálarnar eftir fyrsta Vegvísi ECA (Road Show) í vor. Miklar vonir eru bundnar við Vegvísinn í austur Evrópu og verður næsta stopp líklega í Georgíu.

Eftir umræðu um ársreikninga voru að lokum sjálfkjörnir þrír heiðursmenn til trúnaðarstarfa í stjórn ECA: Martin Chalk, formaður, frá BALPA í Englandi, Joe Krauz, frá CZ-ALPA í Tékklandi og Régis Fusenig, frá SNPL í Frakklandi.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár!
Þorsteinn Kristmannsson, formaður
Alþjóðanefndar FÍA

Heilsuvernd FIA

Nú í desember 2008 fer í gang nýtt heilsuverndaráttak á vegum FIA. Að neðan er talin sú þjónusta sem FIA greiðir fyrir. Enn fremur er miðað að því að hafa á netsíðu FIA bitastæðar og síkvikar upplýsingar og annað lesefni sem miðar að heilsuefningu félaga.

Blóðsýni

Blóðsýni eru tekin í Rannsóknastofu Læknasetursins í Þönglabakka sem er opinn má-fö 0830-1700. Flugmenn og konur gefa sig fram í afgreiðslunni og segja þeir sé að koma í blóðrannsókn á vegum FÍA. Flugmenn greiða ekkert fyrir fyrstu rannsókn en þurfi að fylgja niðurstöðum eftir með frekari rannsóknum, þá greiða þeir sjúklingagjald viðbótarrannsókna úr eigin vasa.

Lagt er til að félagar fari í blóðrannsókn á 2-3 ára fresti.

Mikilvægt er að reyna að koma fastandi í blóðtöku (ca 6 klst)

Eftirfarandi rannsóknir eru gerðar:

- Blóðbagur (Blóðrauði osfrv)
- Blóðfitur
- Blóðsykur
- Ljfrarpróf (ASAT, ALAT)
- Nýrnpróf (kreatínin)
- PSA (blóðruhálskirtilskrabbamein) hjá körlum eldri en 50 ára.

Niðurstöður eru sendar í pósti til viðkomandi eins skjótt og unnt er, ásamt ráðleggingum um framhaldið ef með þarf. Einnig er unnt að nálgast niðurstöður með því að hafa samband við Sigurð Árnason lækni FIA gegnum netfangið sigurdurarna@hss.is og í bráðatilfellum í síma +354 8600192

Blettaskoðun

Vel er staðfest að flugmenn hafa hærri tíðni á húðkrabbameinum en algengt er og á þetta sérstaklega um sortuæxli. Blettaskoðun hefst nú að nýju í samvinnu við lækna Húðlæknastöðvarinnar, Smáratorgi 1 í Kópavogi. Unnt er að panta tíma í síma 520 4444 kl 9-12 og 13-15

eða í gegnum netfangið timabokun@hudlaeknastodin.is .

Mikilvægt er að láta þess getið við tímarpöntun að skoðunin sé greidd af FIA. Lagt er til að félagar fari í blettskoðun árlega.

Krabbameinsskoðun hjá Krabbameinsfélag Íslands

Konur eru hvattar til þess að fara í krabbameinsleitina á tveggja ára fresti í leghálsstrok allar konur og einnig í brjóstamyndatöku eftir fertugt. Unnt er að panta sér tíma í Leitarstöð Krabbameinsfélagsins, Skógarhlíð 8, R í síma 540 1919 og greina þá jafnframt frá því að FIA greiði fyrir skoðunina. Einnig er unnt að panta tíma gegnum netsíðu



Krabbameinsfélagsins www.krabbis.is og trítla á reit ofantil til hægri "Panta tíma í leitarstöðina". Lagt er til að flugkonur fari í skoðun á tveggja ára fresti.

Ristilspeglun

Mælt er með því að allir fari í ristilspeglun eftir fimmtugt. Samið hefur verið við Sigurð Einarsson sérfræðing í meltingarsjúkdómum um að það hafa umsjón með verkinu. Unnt er að panta sér tíma hjá honum í Læknasetrinu í síma 535 7700 en helst gegnum netfangið sigurdure@hss.is . Lagt er til að allir félagar fimmtugir og eldri fari óhræddir í þessa skoðun. Finnist ekkert sjúklegt og ef engin saga er um ristilkrabbamein í ætt þá þarf ekki að endurtaka skoðun fyrir en eftir 5-10 ár.

Starfsmenntasjóður FÍA
og Spara.is

Fjármála- námskeið

Starfsmenntasjóður FÍA, í samstarfi við Spara.is býður félagsmönnum upp á fjármálanámskeið sem er sniðið að hagsmunum flugmanna. Einu slíku námskeiði er lokið en annað verður haldið fimmtudaginn 15. jan kl.20:00

Námskeiðið verður haldið í salnum okkar, Grjótnesi, í Hlíðarsmára 8 og eru félagsmönnum að kostnaðarlausu.

Skráning á netfangið starfsmenntasjodur@fia.is (nafn og kt.)

Vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta og nýta sér þetta frábæra tækifæri :)

Stjórn Starfsmenntasjóðs

Síðasti kjarasamningur ársins Samið við Mýflug



Nú er kjaraviðræðum við flugfélagið Mýflug lokið og er reiknað með að skrifað verði undir á næstu dögum.

Þegar skrifað hefur verið undir

samning við félagið þá hafa allir kjarasamningar FÍA sem lausir voru á árinu verið framlengdir.

*Starfsfólk og stjórn FÍA
óskar félagsmönnum
sem og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla
og farsældar
á komandi árum.*

Um reglulegar uppsagnir

Er starfsmannastefna Icelandair samfélagslega ábyrg?

Frá sjónarhorni flugmanns

Er hægt að skilgreina samfélagslega ábyrgð? Hugtakið getur snert ýmsa ólíka þætti. Svo sem hagsmuni og velferð starfsmanna, umhverfismál, menntamál ofl. Misskilnings gætir oft um að það tengist eingöngu góðgerðarmálum. Gerð er krafa um að fyrirtæki starfi í sátt við umhverfi, lífríki, virði mannréttindi, stuðli að vellíðan starfsmanna og velferð þeirra samfélaga sem þau eru hluti af.

Það sem ég ætla að gera að umfjöllun í grein minni er sá hluti er snýr að mannréttindum starfsmanna og velferð samfélagsins. Þannig háttar hjá Icelandair að stórum hluta fastráðinna starfsmanna var sagt upp í júní síðastliðnum. Einhverjir með starfslok í október, aðrir í nóvember og enn aðrir í desember. Enn önnur hrina skall á starfsfólki í ágúst og starfslok flestra þeirra er 31. desember. Þessi síðasttaldi hópur bíður þess fram í mars eða apríl að hefja störf aftur hjá félaginu. Það liggur fyrir að þá er þörf



Einar Valur Bárðarson

vitandi að það eina sem bíður þeirra er greiðslur úr sjóðum hins opinbera. Ætíð er vísað í árstíðabundnar sveiflur hjá málpípu félagsins. Þarna er verið að tala um miklu minni tíma en sem telur eina árstíð. Skiljanlegra væri ef um væri að ræða helming ársins. Það eru örugglega sveiflur í fleiri stórfyrirtækjum á 2-3 mánuðum. Hver væru áhrifin á samfélagið ef fleiri stórfyrirtæki rækju þessa stefnu? Eflaust væru sjóðir ætlaðir þeim sem eiga um sárt að binda fljóttir að tæmast. Sjóðir ætlaðir fólki sem

Mannlegt samfélag og velferð

Getur verið að gamla kennisetning Milton Friedman sé ráðandi í sýn félagsins hvað varðar samfélagslega ábyrgð þess? Milton Friedman predikaði fyrir nokkrum áratugum m.a. í grein í New York Times Magazine árið 1970 þegar hann sagði; „Eina samfélagslega ábyrgð fyrirtækja er að auka sinn hagnað“ Þessi sýn finnst mér afar dapurleg og vona að gerningaveður í viðskiptalífínu undanfarið hafi kennt okkur annað.

Ráðstefna um corporate social responsibility (CSR) var haldin í nóvember 2006. Þar komst Þorsteinn Pálsson vel að orði; „Það sem gerir samfélag manlegt eru skuldbindingar og ábyrgð. Fyrirtæki eru í raun ekkert annað en fólk.“

Er það framlag Icelandair Group til manlegs samfélags að setja starfsmenn sína reglulega á framfærslu samfélagsins í nokkra mánuði.



á þessum starfsmönnum aftur. Hvar á þessi hópur að fá vinnu í millitíðinni? Einskis annars er að vænta en að hann þiggi atvinnuleysisbætur í þessa 2-3 mánuði. Hver ræður starfsmann í svo stuttan tíma? Á sama tíma er félagið að tilkynna um rúmlega 4 milljarða króna hagnað (sbr 9mánaða uppgjör). Um er að ræða um 30 manna hóp sem félagið sér ofsjónum yfir að greiða laun,

er líklega atvinnulaust til lengri tíma. Er það sýn félagsins að hið opinbera beri reglulega ábyrgð á starfsfólki félagsins nokkra mánuði á ári? Samkvæmt Grænbók framkvæmdastjórnar ESB um félagslega ábyrgð fyrirtækja er lagt áherslu á að stór fyrirtæki séu eftirbreytniverð dæmi. Er þessi framkoma fyrirtækisins við starfsmenn sína til eftirbreytni? Ég tel svo ekki vera.

Forgangsröðun

Er staðan svo slæm að nauðsyn beri til? Er þá ekki mál að forsvarsmenn félagsins segi það þá hreint út? Kostnaður við að halda þessum 30 starfsmönnum í vinnu væri rétt rúmlega 1 prósent af hagnaði Icelandair Group (miðað við 9 mánaða uppgjör). Í núverandi ástandi ætti fyrirtæki sem skila hagnaði að bíta í skjaldarrendur

og halda fólki í vinnu í ljósi þess að þeirra er þörf eftir 2-3 mánuði. Það er eðlileg forgangsroðun og samfélagsleg ábyrgð.

Innan Icelandair Group eru þrjú flugfélög ásamt Icelandair; Smartlynx í Lettlandi, Bláfugl á Íslandi og Travel Service í Tékklandi. Samkvæmt heimildum mínum hafa engar uppsagnir verið hjá þessum fyrirtækjum. Er þá engin árstíðabundin sveifla þar? eru þessi fyrirtæki þeim óháð? Gæti verið að Icelandair Group komist eingöngu upp með þessa framkomu gagnvart starfsmönnum Icelandair? Hinir myndu fara ef þeir væru leiknir svona grátt. Við komum alltaf til baka. Við höfum skuldbindingar, börn í skóla og maka í námi eða starfi hér á Íslandi. Getum ekki svo glatt flutt okkur þótt við vildum. Atvinnumarkaður hér heima er ekki stór fyrir flugmenn.

Framtíð starfsmanna innan Icelandair

Erum við starfsmenn afgangsstærð, eða tölur á blaði? Hvergi er að finna

nokkuð minnst á starfsöryggi í starfsmannastefnu félagsins. Hvað veldur að þessum grunnþætti er haldið utan við opinbera starfsmannastefnu? Stendur ekki til að breyta því? Það þýðir lítið að benda á núverandi ástand sem ástæðu uppsagna. Þetta var tilkynnt í júní sl. Það var fyrir bankahrunið. Þá var ákveðið að stór hópur yrði atvinnulaus í desember. Gefið var í skyn að endurkomu til starfa væri að vænta í mars eða apríl. Það var sagt um leið og mér var tilkynnt um uppsögn. Þetta er í þriðja sinn á þeim tæpum fjórum árum sem ég, ásamt stórum hópi manna, fæ uppsögn. Lagalega er ekkert rangt við þessar aðgerðir en ég leyfi mér að setja spurningamerki við siðferðislegt réttmæti þeirra.

Jóhann Ingi Gunnarsson hélt um daginn erindi fyrir starfsmenn Icelandair. Þar hafði hann þau orð: „Að svipta mann atvinnu sinni, sviptir um leið hluta af sjálfsvirðingu hans.“ Hvernig verður sá starfsmaður sem reglulega er sviptur sjálfsvirðingu sinni í þágu aukins hagnaðar? Hver yrðu

áhrifin ef stór fyrirtæki segði stórum hópi í 2-3 mánuði í senn? Svipti þá frítökurétt, frestuðu skalahækkunum og byði þá svo margvelkomna til starfa á ný. Það væri óæskilegt þjóðfélag og almennt álitid svo að mannréttindi væru að litlu höfð.

Farsæld til framtíðar

Engu að síður óska ég félaginu farsældar á nú erfiðum tímum og til framtíðar. Ég er stoltur að hafa starfað hjá fyrirtæki sem er leiðandi í ferðaþjónustu landsins. Það skiptir máli að það sé öflugt og til fyrirmyndar á sínu sviði. Það skiptir gríðarlegu máli fyrir íslenskt samfélag. Ég vona svo innilega að félagið taki ábyrgari afstöðu til starfsmanna sinna og samfélagsins um leið. Að starfsmönnum verði þökk- uð störf og verðmætasköpun á annan hátt en að svipta þá sjálfsvirðingunni á hverju hausti. Það veldur óöryggi fjölda fjölskyldna, óróa og starfsmenn verða fjarhuga markmiðum fyrirtækisins. Fyrirtæki er jú ekki annað en fólk.

Einar Valur Bárðarson
Flugmaður hjá Icelandair

Flugmannatalið og saga félagsins



Minum á nýja flugmannatalið og sögu FÍA. Bækurnar eru fáanlegar á skrifstofu Félags íslenskra atvinnuflugmanna í Hlíðarsmára 8.



Morgunblaðið gagnrýnir FÍA:

Opinn vinnumarkaður

- lýsir þekkingarleysi blaðamanns



Jóhannes Bjarni
Guðmundsson,
formaður FÍA
skrifar

Í ritstjórnargrein Morgunblaðsins 23. október s.l. var FÍA harðlega gagnrýnt fyrir málflutning sinn á vefsíðu félagsins um erlend flugfélög. Greinin var undir yfirskriftinni “Opinn vinnumarkaður”. Þar var vaxandi atvinnuleysi gert að umtalfsni þar sagði m.a.

“Reynslan frá nágrannaríkjum okkar sýnir hins vegar að þegar atvinnuleysi eykst verður fólk af erlendu bergi brotið oft fyrir ofsóknum og fordómum.

Við viljum ekki að það gerist hér og samstillt átak þarf til að fyrirbyggja það. Við þurfum að læra af reynslu annarra.

Það þarf fræðslu og upplýsingar, ekki sízt til yngstu hópanna sem aldrei hafa upplifað atvinnuleysi áður, um réttindi fólks af erlendum uppruna á vinnumarkaði og í samfélaginu yfirleitt. Þeir sem hafa hér dvalar- og atvinnuleysi hafa sama rétt á starfi og Íslendingar.

Við njótum kosta sameiginlegs vinnumarkaðar Evrópuríkja. Nú þegar harðnar í ári hér munu sennilega margir Íslendingar sækjast eftir því að starfa í öðrum EES-löndum. Þeir eiga rétt á slíku vegna þess að fólk frá öðrum ríkjum á sömu réttindi hér. Forystumenn stéttarféлага verða líka að standast þá freistingu að saka útlendinga um að taka vinnuna af heimamönnum. Því miður er oft stutt í slíkar ásakanir og fordóma. Félag íslenskra atvinnuflugmanna hvatti fólk til dæmis nýlega til að „velja íslenskt“ og fljúga ekki með flugfélögum, þar sem starfa útlendir flugmenn. Á sama tíma fagnar félagið því að félagsmenn þess skuli fá vinnu hjá flugfélögum í öðrum Evrópuríkjum! FÍA hefur því miður lengi verið undir forystu manna með einfalda stefnu um tvöfalt siðgæði í þessum efnunum. Svona getur upplýst þjóð ekki leyft sér að láta. Vinnumarkaðurinn er löngu orðinn alþjóðlegur og þar ber að virða bæði alþjóðasamninga og mannréttindi fólks.”

Jóhannes Bjarni Guðmundsson formaður FÍA skrifaði ritstjórn Morgunblaðsins eftirfarandi bréf í kjölfar þessarar greinar sem hér fer á eftir:



Kópavogi 23. október 2008

Ritstjórn Morgunblaðsins
Hádegismóum 2
110 Reykjavík

Kæra ritstjórn

Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með niðurlag leiðara Morgunblaðsins í dag 23.10, þar sem harkalega er vegið að mér og öðrum í forystu stéttarfélags atvinnuflugmanna hér á landi. Ég ætla ekki að elta ólar við ásakanir um meint tvöfalt siðgæði og einfaldningshátt, en reyna heldur að útskýra fyrir ykkur að hluta til nokkrar staðreyndir sem við í FÍA höfum reynt að upplýsa fólk um.

Iceland Express er ekki flugfélag, hefur ekki flugrekstrarleyfi, engar flugvélar í sínum rekstri og enga starfandi atvinnuflugmenn. Þrátt fyrir þetta kemst framkvæmdastjóri fyrirtækisins þráfaldlega upp með að leggja IE að jöfnu við íslensk flugfélög! Það er rangt.

Flugmenn vita það manna best að vinnumarkaður þeirra er alþjóðlegur. Vandinn er sá að forsvarsmenn fyrirtækjanna virðast oftar en ekki leita leiða til að blekkja almenning og troða á réttindum starfsfólks til að hafa betur í samkeppni. FÍA hefur t.a.m. vakið athygli vinnumarkaðsyrvalda hér á því að félagafrelsið hefur algjörlega snúist í andhverfu sína, þegar fyrirtækin beinlínis meina starfsfólki að vera í stéttarfélögum – og íslensk fyrirtæki jafnvel neita Íslendingum um vinnu á grundvelli þjóðernis!

FÍA hefur ekkert á móti starfsmönnum Iceland Express eða annarra fyrirtækja hvort sem þeir eru íslenskir eða ekki. Við látum okkur hins vegar varða félagsleg undirboð á vinnumarkaði og að samkeppni sé háð á eðlilegum grundvelli. Það er allra hagur – hverrar þjóðar sem menn eru.

Kveðja
Jóhannes Bjarni Guðmundsson
Formaður FÍA



Framkvæmdastjóri IE sagðist vera með „fullt“ af íslenskum flugmönnum:

Áfram varðandi erlenda flugrekendur

Nú fyrir nokkru birti FÍA á vef sínum áskorun til neytenda að velja íslenskt og var í tengslum við það vísad til erlendra flugfélaga í áætlunarflugi (eða reglubundnu leiguflugi eða hvernig sem þessi flug eru túlkuð) til og frá Íslandi.

Í framhaldi af þessari umræðu kom framkvæmdastjóri Iceland Express og varði skiljanlega sína stöðu. Langar FÍA að koma því enn og aftur skýrt á framfæri að þrátt fyrir tal hans um íslenskar áhafnir og íslenska flugmenn þá er það hreinlega rangt að um íslenskt flugfélag sé að ræða. Það má vera að félagið Astraeus, sem flýgur fyrir Iceland Express, sé í 100% eigu íslendinga, en það er klárlega breskt, starfrækt þar á þarlandri kennitölu, borgar ekki skatta né skyldur til Íslands og klárt að flugmenn Astraeus flugfélagsins eru ekki launþegar hjá íslensku flugfélagi.

En burt séð frá því þá er FÍA ekki að reyna að sverta þá 100 starfsmenn sem starfa hjá Iceland Express, þvert á móti. En neytendur þurfa að vita á hvaða forsendum þeir eru að kaupa sína miða og við hvern verið er að versla. Samkeppni er alltaf af hinu góða en hún á að vera á sanngjörn og háð á jafnréttisgrunni, það er óneitanlega sérstakt að hægt sé að reka hér



skrifstofu sem þarf engin tilskilin leyfi, hvorki flugrekstarleyfi né ferðaskrifstofuleyfi, og greiðir ekki þann kostnað sem af því hlýst né hefur sambærilegar tryggingar við leyfishafa. Skrifstofan er stöðugt kölluð flugfélag og kemst upp með það. Þetta er ekki eðlileg samkeppni.

Einnig verður það að teljast í meira lagi einkennilegt að lögfræðingur Neytendasamtakanna bloggi um þessi mál af reynslu sinni af einum flugmiðakaupum

og tekur ekki með í reikninginn þann mun sem er á þeim farmiðum sem í boði eru, þ.e. varðandi tryggingar ef eitthvað ber út af eða flugi seinkar og slíkt - þetta kallast væntanlega að bera saman epli og appelsínur.

FÍA tekur undir með Samtökum Iðndarins sem auglýsa um þessar mundir; **VELJUM ÍSLENSKT!**

KJO

Stutt:

Kjaraviðræðum lokið við Norlandair:



Forsvarsmenn Norlandair og FÍA skrifuðu undir kjarasamning 31. október s.l. sem gildir til eins árs. Þetta er fyrsti kjarasamningur sem Norlandair gerir, en félagið er að taka m.a.

við rekstri á Twin Otter vélum sem Flugfélag Íslands hefur rekið fram til þessa. Ráðgert er að 6 flugstjórar verði leigdir til Norlandair fyrsta árið, til að koma félaginu af stað. Samningurinn byggir á samningum sem FÍA hefur áður gert við aðra sambærilega flugrekendur eins og flugfélagið Erni og Flugfélag Íslands. FÍA óskar flugmönnum og Norlandair til hamingju með samninginn.

Nýjar reglur:

Ný reglugerð, EU Ops1, sem talað var um í síðasta fréttabréfi að tæki gildi 1. nóvember, mun ekki taka gildi fyrr en eftir áramót.



Í tengslum við þessar nýju reglur er komin fram betri skilgreiningu á hvíldaraðstöðu varðandi aukna flugáhöfn. Nýverið hefur stjórn FÍA hafnað undanþágubeiðnum frá flugrekendum þar sem óskað var eftir lengdum flugtíma til og frá Íslandi á grundvelli aukinnar flugáhafnar en stjórn FÍA lítur svo á að sú hvíldaraðstaða sem í boði var hafi verið óásættanleg.